



Fundargerð aðalstjórnar Íþróttafélagsins Gróttu

10. desember 2014

Mættir:

Haraldur Eyvinds –formaður	Erla Kristín Árnadóttir- kraftlyftingadeild
Guðjón Norðfjörð – gjaldkeri	Guðrún Edda Haraldsdóttir - fimleikad boðaði forföll
Hreinn Októ Karlsson – ritari	Hjalti Ástbjarnsson – handknattleiksdeild
Hafdís Guðmundsdóttir -meðst	Hilmar Sigurðsson– knattspyrnudeild.
Ásta Sigvaldadóttir - verkefnastjóri	Kristín Finnbogadóttir – framkvæmdarstj.
Ragnar Rafnsson -varaformaður	Bryndís Emildóttir- varamaður

Dagskrá:

1. Yfirlit deilda
 2. Önnur mál
-

1. Yfirlit deilda

Knattspyrnudeild

Hilmar fulltrúi knattspyrnudeildar sagði frá því að jólablað knattspyrnudeildar væri að koma út nk. föstudag 12 des, er að koma út 3 árið í röð. Hefur gengið vel að safna auglýsingum, mikil vinna að koma svona blaði út. Jólahláðborð knattspyrnudeildar verður haldið líka föstudaginn 12. des og koma allir með einn rétt á borðið, verið um 30 manns sem hafa komið undanfarin ár. Magnús yfirþjálfari hefur haft mikið að gera í haust og hefur haldið yngri flokkunum gangandi því illa gekk að ráða þjálfara. Hilmar sagði að það þyrfti að stofna unglingaráð hjá knattspyrnudeildinni og var vel tekið í það. Deildin mun skoða það. KV (Knattspyrnufélag Vesturbæjar) Hefur sent knattspyrnudeild Gróttu beiðni um samstarf í meistaraflokki kvenna. Ekki er búið að svara fyrirspurninni. Þarf að skoða alla fleti á þessu og mun knattspyrnudeildin halda fund og ákveða hvað gera skuli. Nýr þjálfari meistaraflokks karla fer vel af stað og mikil ánægja með hann. Búið er að spila 2 æfingaleiki eitt tap á móti ÍA og einn sigur á móti Þrótti. Mikil afföll eru í hópnum og þarfnast hann styrkingar fyrir næsta tímabil. Hilmar sagði að þyrfti að bæta við 5-6 leikmönnum og er verið að skoða þau mál, reynt að fá unga leikmenn.

Fimleikadeild

Enginn fulltrúi mætti





Handknattleiksdeild.

Gengur mjög vel hjá meistaraflokkunum, karlarnir búnir að vinna alla sína leiki í deildinni en töpuðu naumt á móti ÍR í bikarkeppninni. Uppistaðan í meistaraflokkunum eru uppaldir Gróttumenn og konur. Konurnar bara búnar að tapa einum leik í deildinni á móti Fram en unnu svo Fram í bikarkeppninni. Samningur við Hertz bílaleiguna var undirritaður í hálfleik á leik Gróttu og Víkings í 1.deild karla 9.des. Annars gengur allt starf mjög vel.

Kraftlyftingadeild.

Erla sagði að allt starf sé í góðu jafnvægi. Síðasta mót ársins búið og hafnaði Grótta þar í öðru sæti. Grótta varð hinsvegar Íslandsmeistari í heildina eftir árið. Fanney Hauks kemur til greina sem Kraftlyftingakona ársins. Næsta mót er Íslandsmeistaramót í bekkpressu sem haldið verður í jan 2015. Haldið var einskonar innanfélagsmót Gróttu fyrir þá iðkendur sem ekki vilja keppa á stærri mótum og mæltist það mjög vel fyrir.

2. Önnur mál

- Haraldur sagði frá því að bærinn væri að skoða tilboð og hvað þyrfti að gera til að gera hátíðarsal Gróttu fínan, endurnýjun á stólum, borðum,hljóðkerfi o.fl. Kemst vonandi einhver niðurstaða í það á næstunni.
- Kom fram að fimleikadeildin hefði fengið nýtt hóp fimleikagólf keypt eftir NM í hóp fimleiknum sem haldið var hérna á Íslandi í haust. Óþolandi ástand fyrir fimleikadeildina að þurfa að eyða miklum tíma á hverri æfingu við að setja það upp og taka það niður.
- Fimleikadeildin er að fá nýtt fimleikagólf(ekki hóp fimleikagólf)
- Ekkert að gerast í stækkunarmálum íþróttahússins og er viðhaldi íþróttamiðstöðvar ábótavant að mati starfsmanna Gróttu.
- Haraldur sagði frá því að Einar Óli styrktarþjálfari Gróttu myndi hætta um áramótin, hann er að fara í meira nám til Ástralíu. Einar er búinn vinna áætlanir fyrir yngri flokkana og er bara hjá meistaraflokkunum. Þarf að finna eftirmann hans. Yfirþjálfarar deildanna þurfa að ræða saman og ákveða hvað skal gera og loka málinu.
- Ásta bað deildirnar um að skila fyrir nk.föstudag 12.des tilnefningu til Íþróttamanns Gróttu og Íþróttamanns Æskunnar. Verðlaunin verð veitt 7.jan.2015.
- Kristín benti á það þyrfti að halda fund með öllum þjálfurum á haustin til að kynna fyrir þeim allar stefnur félagsins, ferðamál o.fl. Vel tekið í það, en léleg mæting hefur verið hjá þjálfurum undanfarin ár á fundi sem haldnir hafa verið.
- Ásta er búin að vera í hellings vinnu við að uppfæra og lesa yfir stefnur deildanna hjá Gróttu til að uppfylla skilyrði ÍSÍ um fyrirmyndarfélag. Rætt var um hvort það væri einhver ávinningur fyrir Gróttu að vera fyrirmyndarfélag. Ekki fékkst nein niðurstaða í málið en Ásta mun klára málið fyrir Gróttu hönd og sjá svo hvort Grótta verður áfram fyrirmyndarfélag.
- Rætt var um að sýning fimleikdeildar hafi verið mjög flott.

Fundi slitið 20:43

GLEÐILEG JÓL

